

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 59/2025**2025/EES/38/17****frá 14. mars 2025****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2964 frá 29. nóvember 2024 um að samþykkja myndefni bórsýru með dídekýlamíni og etýlenoxíði (fjölliðubetaín) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2402 frá 12. september 2024 um að endurnýja ekki samþykkið fyrir súlfúrylflúoríði til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 8 og 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2930 frá 28. nóvember 2024 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir dasómeti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2945 frá 29. nóvember 2024 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir tralópýrili til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2948 frá 29. nóvember 2024 um að samþykkja ekki tiltekin virk efni til notkunar í sæfivörur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 ⁽⁵⁾.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12zzzzzzzzzzk (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2712) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzzzzzzl. **32024 R 2964**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2964 frá 29. nóvember 2024 um að samþykkja myndefni bórsýru með dídekýlamíni og etýlenoxíði (fjölliðubetaín) sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2024/2964, 2.12.2024).

12zzzzzzzzzzm. **32024 D 2402**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2402 frá 12. september 2024 um að endurnýja ekki samþykkið fyrir súlfúrylflúoríði til notkunar í sæfivörur í vöruflokkum 8 og 18 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2024/2402, 13.9.2024).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2964, 2.12.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2964/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2402, 13.9.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2402/oj

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2930, 2.12.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2930/oj

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2945, 2.12.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2945/oj

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L, 2024/2948, 3.12.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/dec_impl/2024/2948/oj

- 12zzzzzzzzzzn. **32024 D 2930:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2930 frá 28. nóvember 2024 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir dasómeti til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2024/2930, 2.12.2024).
- 12zzzzzzzzzzo. **32024 D 2945:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2945 frá 29. nóvember 2024 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir tralópýrili til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 21 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2024/2945, 2.12.2024).
- 12zzzzzzzzzzp. **32024 D 2948:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2948 frá 29. nóvember 2024 um að samþykkja ekki tiltekin virk efni til notkunar í sæfivörur í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L, 2024/2948, 3.12.2024).“

2. gr.

Texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/2964 og framkvæmdarákvarðana (ESB) 2024/2402, (ESB) 2024/2930, (ESB) 2024/2945 og (ESB) 2024/2948, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. mars 2025, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. mars 2025.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.